14. Valpór Ásgrímsson, verkefnastjóri hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, var dómkvaddur til að framkvæma styrkleikamælingu á hinu haldlagða efni. Liggur matsgerð hans fyrir, dags. 2. október 2023. Er þar rakið að samkvæmt niðurstöðu matsgerðar rannsóknastofunnar sem hér að framan er rakin reyndust sýnin innihalda flúbrómazólám. Við framkvæmd matsins hefði styrkleikamæling verið framkvæmd með vökvagreiningu á súlu og gleypnimælingu undir útfjöluþláu ljósi. Reyndist styrkur flúbrómazóláms í töflunum vera á bilinu 0,15 til 0,27 mg í hverri töflu. Einnig kemur fram í matinu að sá styrkur falli innan þess bils sem neytendur efnisins hefðu sjálfir lýst sem algengum skammti.

15. Bjarni Össurarson Rafnar geðlæknir var dómkvaddur til að svara fimm spurningum vegna hins haldlagða efnis og liggur matsgerð hans fyrir, dags. 6. október 2023. Segir í matinu að þar sem flúbrómazólám sé ekki skráð lyf og tiltölulega nýtt í umferð væru ekki til miklar upplýsingar um virkni þess og notkun og engar upplýsingar væru til um þetta lyf á Íslandi eftir því sem næst verði komist. Við matið noti matsmaður einnig almenna leit á veraldarvefnum, en einungis ef upplýsingar eru sannanlega frá ábyrgum aðilum, og ræði um ákveðna þætti við aðra lækna sem vinna með fíkniraskanir.

16. Í matinu kemur fram að ekki sé vafi á því að flúbrómazólám sé af benzódíazepín-flokki og hafi verkun á GABA-viðtakann. Er bygging efnisins dæmigerð, lyfið blokkar flumazenil-áhrif flúbrómazóláms eins og annarra benzódíazepína og notendur lýsa sams konar áhrifum við töku þess og annarra benzódíazepína. Ekki liggja fyrir góðar rannsóknir á virkni efnisins en þó virðist liggja fyrir að flúbrómazólám hafi öfluga og langa verkun. Eftir töku þess koma endurteknir lyfjatoppar fram í blóði, jafnvel sólarhring eftir inntöku.

17. Hvað varðar fyrstu matsspurninguna, með hvaða hætti flúbrómazóláms væri neytt, hefði öllum íkomuleiðum verið lýst en algengast að það sé tekið um munn í töfluformi. Þá var önnur matsspurningin um hvaða áhrif neysla



flúbrómazólams hefði á þann sem neytir þess. Var það niðurstaða matsmannsins að efnið virtist hafa eiginleika benzódíazepín-lyfja en hafi sérstaklega sterk og langvarandi áhrif á svefn og minni. Þriðja matsspurning var um hverjir væru hættueiginleikar flúbrómazólams á þann sem neytir þess. Taldi matsmaður að notkun efnisins virtist síst hafa minni fylgikvilla en benzódíazepínar almennt. Að auki væru sterkar vísbendingar um að efnið valdi öflugri fíkn og geti verið mjög hættulegt í ofskammti, eitt og sér eða með öðrum bælandi efnum. Þá varðaði fjórða matsspurningin það hver hefðbundinn neysluskammtur væri þegar þess er neytt og þá um leið vísað til þeirrar niðurstöðu sem fáið með fyrstu matsspurningunni. Var það niðurstaða matsmannsins að hefðbundinn neysluskammtur væri u.þ.b. 0,35 mg. Loks kvaðst matsmaður ekki geta svarað matsspurningu fimm, hversu marga neysluskammta væri hægt að vinna úr haldlögðu magni flúbrómazólams, þar sem hann hefði ekki upplýsingar um styrk efnisins í töflunum.

## V.

18. Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

19. Ákærði kvaðst viðurkenna að hafa flutt til landsins þær töflur er greinir í ákæru en lýsir sig saklausan á þeim forsendum að hann hefði skilið það svo að töflurnar væru lögleg lyf. Hefði hann talið að teknar yrðu af honum töflur sem væru umfram það magn sem hann mætti koma með til landsins, eins og eigi við hvað varðar sigarettur og áfengi. Taldi hann að þetta væru þunglyndislyf. Hann hefði ekki sjálfur pakkað töflunum niður en honum hefði verið sýnt sýnishorn af pakkningum sem hefðu verið svokallaðar *vakúmpakkningar*, eitt spjald sem á hefðu verið átta töflur. Töflunum hefði verið fagmannlega pakkað og hann kannast við pakkningarnar. Hefði hann haldið að um löglega framleitt lyf væri að ræða, diazepam, en það lyf þekki hann þar sem hann hefði sjálfur notað þunglyndislyf. Ákærði kvaðst ekki hafa séð þær pakkningar sem reyndust vera í töskunni en verið sagt að hann yrði með töflur eins og þær sem honum hefðu verið sýndar en hefði ekki vitað hvert magnið væri.

120. Ákærði kvaðst hafa mætt á fyrirfram ákveðinn stað og afhent fötin sín og verið afhent til baka ferðataska sem öllu hefði verið pakkað í. Hann hefði ekki reynt að skoða það sem var í töskunni en verið fullvissaður um að þetta væri lyf. Var ákærða kynnt að töflurnar hefðu verið í kössum í töskunni og hann spurður hvort hann hefði vitað um hve marga kassa hefði verið að ræða og svaraði hann því neitandi. Á þessum tíma hefði hann verið að glíma við kókaínfíkn og andlega vanlíðan og hefði ekki hegðað sér skynsamlega. Þetta hefði verið erfitt tímabili í lífi hans og hann verið í viðkvæmri stöðu. Hefði hann átt að fá 1000 sterlingspund fyrir að flytja efnið hingað til lands. Hann hefði farið í þessa ferð til að greiða fíkniefnaskuld og sjái hann mjög eftir þessu.

21. Var ákærða kynnt að fyrir lægju matsgerðir þar sem fram komi að töflurnar innihaldi efnið flúbrómazólam sem væri ekki markaðssett lyf og teldist til ávana- og fíkniefna. Kvaðst ákærði ekkert hafa vitað um þetta og ítrekaði að hann taldi þetta vera diazepam sem væri þekkt þunglyndislyf í Bretlandi. Var ákærða kynnt að gögnin bentu til þess að flúbrómazólam væri hættulegra en diazepam og sagði ákærði þá að sjálfur hefði hann ekki talið að svo væri og talið þetta vera diazepam. Þá var ákærða kynnt að fram komi í rannsóknargögnum að um hafi verið að ræða bláar töflur með annarri merkingu en á löglega framleiddu diazepam. Ákærði sagði þá að spjaldið sem honum hefði verið sýnt hafi verið merkt diazepam en kvaðst ekki hafa þekkt útlit á diazepam-töflum fyrir þessi atvik. Hans eina vísbending hefði verið útlit þeirra þunglyndistaflna sem hann hefði tekið.

22. Kvaðst ákærði ekki hafa haft annað hlutverk en að flytja þessar töflur til landsins og ekkert komið að því að fjármagna innflutninginn eða útvega töflurnar. Þá hefði hann einungis haft eina tengingu vegna málsins sem var við aðila í Bretlandi sem hann vilji ekki nafngreina þar sem hann óttist að með því stefni hann fjölskyldu sinni í hættu. Viti hann ekki hver hefði átt að taka við töflunum hér á landi og hefði ekki þekkt þann sem hann hafi átt að hitta á Íslandi. Það hefði verið erfitt fyrir hann að vera í farbanni á Íslandi en hann eigi fjölskyldu í Bretlandi og hafi verið aðalframfærandi hennar og greitt reikninga sem hefði verið erfitt þar sem hann hefði ekki fengið laun. Börn hans væru ung og hefðu ekki skilið hvers vegna hann væri fjarverandi. Einnig hefði þetta haft áhrif til hins verra á andlega heilsu hans. Aðstæður hans væru betri í dag og væri hann edrú og kominn með nýtt starf. Hann hefði mikið lært af þessari reynslu og sjái eftir gjörðum sínum og vilji biðja íslenska samfélagið afsökunar.

23. Lögreglumaður nr. 9932 kvaðst hafa komið að rannsókn málsins áður en ákærði kom til landsins. Þá hefði hlustun verið beitt á hótélherbergi og þar komið fram að í undirbúningi væri að hingað til lands kæmi maður með skókassa fullan af töflum. Það hefði klikkað og sá maður ekki mætt í það flug sem hann átti að fara í. Lögreglumennirnir hefðu haldið áfram að fylgjast með og hefði síðan komið upp nýtt flug á þennan sama aðila. Þeir hefðu svo tekið á móti ákærða á Keflavíkurflugvelli þar sem hann hefði verið með tvo skókassa fulla af töflum. Vitnið kvaðst hafa verið á Keflavíkurflugvelli þegar ákærði kom og hefðu þeir þá fylgst með honum.

Ákærði hefði farið í gegn, tollurinn stoppað hann, framkvæmt leit og fundið töflurnar. Í framhaldi af því hefði ákærði verið handtekinn og yfirheyrdur.

24. Töflurnar hefðu verið merktar diazepam og á vettvangi hefðu þeir enga ástæðu haft til að ætla að þetta væri eitthvað annað. Þegar þetta var skoðað nánar af tæknideild hefði kviknað grunur um að þetta væri *fake pills*, eða *falsaðar*. Viti hann ekki hvers vegna sá grunur hefði vaknað en hann hefði sjálfur ekki skoðað töflurnar heldur einungis opnað boxið. Þá hefði hann ekkert haft fyrir sér um það að þetta væri ekki diazepam en heyrt um sambærilegt falsað lyf á götum, sérstaklega í Bretlandi. Alls konar lyf, ekki einungis fölsuð, væru að aukast hér og annars staðar. Algengt væri að lyfin innihéldu annað en það sem þau væru sögð innihalda við sölu, a.m.k. erlendis, t.d. innihéldi oxycontin stundum fentanyl og alls konar lyf innihaldi fentanyl sem ættu ekki að innihalda það. Í þessu fælist aukin hætta og gætu lyfin haft önnur áhrif en talið var við inntöku.

25. Vitnið staðfesti frumskýrslu málsins og kvaðst hafa ritað hana og einnig staðfesti hann þá skoðun sem fram fór á sölusíðum fíkniefna á netinu. Hann og fleiri í hans deild hefðu skoðar þær síður og á síðu á Telegram hefði komið fram að verð á einu stykki af diazepam hefði á þessum tíma verið 1.333 krónur. Væri Telegram mikið notað í fíkniefnaviðskiptum af því að það er *aðeins læstara* en önnur forrit. Staðfesti vitnið það sem fram kemur í skýrslunni um að áætlað sé að söluverð þeirra taflna sem haldlagðar voru í málinu væri 18,6 milljónir króna. Þá staðfesti vitnið að ákærði hefði strax á vettvangi sagt að um diazepam væri að ræða.

26. *Hallgrímur G. Færseth*, tollsérfræðingur á Keflavíkurflugvelli, sagði að ákærði hefði komið með flugi frá Manchester og hefði hann verið tekinn afsíðis og taskan hans gegnumlýst. Þá hefði komið í ljós að það var eitthvað af lyfjum í töskunni en erfitt hefði verið að sjá það í gegnum gegnumlýsingarvélina og því hafi verið tekin ákvörðun um að opna töskuna. Í henni hefði fundist töluvert mikið magn af lyfseðilsskyldum lyfjum sem hann minni að hefðu verið í tveimur skókössum. Áður en hann opnaði töskuna hefði hann spurt ákærða hvort hann vildi gera grein fyrir einhverju sem væri í töskunni en ákærði sagði að hann væri ekki með neitt í töskunni sem hann þyrfti að gera grein fyrir.

27. Eftir að lyfin fundust hefðu aðrir tollverðir tekið við og framkvæmt líkamsleit á ákærða en ekkert sagnæmt hefði fundist við þá leit. Hefði ákærði sagt að í kössunum væru lyf sem hann þyrfti ekki að gera grein fyrir. Vitnið kvaðst ekki hafa skoðað töflurnar sérstaklega en tollverðirnir lesið á umbúðirnar og hugsanlega talið lauslega hvað töflurnar væru margar. Lögreglumenn hefðu einnig verið á vettvangi og hefði lögreglan síðan tekið við málinu. Staðfesti vitnið skýrslu sem hann vann vegna málsins og staðfesti, eins og þar kæmi fram, að um 10 mg töflur af diazepam hefði verið að ræða. Var vitninu kynnt að efnaskoðun hefði leitt í ljós að svo var ekki og sagði vitnið að tollverðirnir hefðu ekki skoðað lyfin heldur einungis umbúðirnar og hvernig þær væru merktar og hefðu ekki tök á að efnagreina töflur.

28. *Lögreglu maður nr. 1406* kvaðst hafa ásamt öðrum unnið við rannsókn málsins. Staðfesti hún að hafa ritað skýrslu vegna málsins, dags. 30. júní 2022. Grunur hefði hins vegar vaknað fyrr þar sem málið hefði komið upp í apríl tengt herbergishlustun. Var vitninu kynnt að fram komi í skýrslunni frá 30. júní að í herbergishlustun hefði komið fram að von væri á einhverjum með flugi með *shoebox full af painkillers* og *the D ones*. Staðfesti vitnið þetta og sagði að í kjölfarið hefði ákærði komið til landsins og verið handtekinn. Fram hefði komið við rannsóknina að ákærði hefði átt að koma til landsins 14. apríl en misst af fluginu en lögreglumenn hefðu farið yfir fluglistann og séð þar nafn ákærða. Þá hefði komið fram að hann ætti að koma næsta sunnudag og þá hefði nafn ákærða komið aftur upp á lista vegna flugs frá Manchester. Vitnið kvaðst ekki hafa komið að handtöku ákærða en hafa séð skókassann með töflunum. Var vitninu kynnt að töflurnar hefðu verið merktar sem diazepam og spurð sagði vitnið að hún viti ekki hvort eitthvað við útlit taflnanna hefði bent til þess að þetta væri ekki diazepam. Þetta væri hins vegar alltaf rannsakað nánar en það væri hægt að merkja lyf alls konar. Þau meðhöndli mikið af lyfjum sem eru öðruvísi og með öðru innihaldi en merking segir til um.

29. *Sérfræðingur tæknideildar nr. S058* kvaðst fá mál vegna efna sem tekin eru af tollgæslu og skoði hún efnið, og eftir atvikum telji, og geri efnaskýrslu þegar búið er að kanna um hvaða efni er að ræða. Í þessu tilfelli hefðu þau tekið eftir því að búið var að víxla stöfunum á töflunum. Þess vegna hefðu þau skráð á efnaskýrsluna að þau teldu að þetta væri annað en stæði á umbúðunum sem hefðu verið merktar sem diazepam. Var vitninu kynnt að fram komi í efnaskýrslu að þetta séu bláar töflur merktar *C/DC* sem væri ekki merking á löglega framleiddum diazepam. Staðfesti vitnið það og sagði að *C/CD* standi á löglega framleiddum diazepam en þarna væri búið að víxla þessu í *C/DC*. Þegar þau hefðu séð þetta hefðu þau farið að skoða þetta nánar og komist að því að flúbrómazólám hefði verið sett í svona töflur og á markað erlendis. Hefðu þau komist að þessu með því að skoða upplýsingar á netinu. Síðan hefðu töflurnar verið sendar til rannsóknar á Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfesti þessa niðurstöðu með matsgerð. Það hefði því vaknað grunur um að þetta væri flúbrómazólám áður en efnarannsóknin leiddi það í ljós. Væri um að ræða sterkari töflur og með lengri virkni en

væru seldar sem diazepam. Vitnið sagði að sú skráning í efnaskýrslu að efni væri ekki skilgreint nánar þýddi það að þau hefðu ekki heiti yfir efnið í lögreglukerfinu og því væri þessi skýring sett. Staðfesti vitnið að heildarmagn taflnanna hefði verið 13.986 stykki. Þau gætu ekki greint öll efni sem eru skilgreind sem fíkniefni og þess vegna væru þau send áfram á rannsóknastofuna. Vitnið staðfesti þá efnaskýrslu sem hún vann vegna málsins.

30. *Valþór Ásgrímsson*, verkefnastjóri á Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði og dómkvaddur matsmaður, sagði að fyrsta aðkoma hans að málinu hefði verið þegar þeim á rannsóknastofunni barst sýni frá lögreglu til rannsókna. Þau hefðu fengið fjögur sýni sem hefðu öll verið ljósbláar töflur í álpynnu. Þessi sýni reyndust innihalda flúbrómazólum. Í framhaldi af því hefði hann sem matsmaður verið beðinn um að magngreina innihaldsefnið og það hefði hann síðan framkvæmt. Þetta hefðu verið fjögur sýni og hefðu þau reynst innihalda á bilinu 0,15 til 0,27 mg per töflu af flúbrómazólami. Þetta lyf er ekki á lyfjamarkaði og væri því ekki búið að miða skammtastærð út á grundvelli lyfjarannsóknar. Miðað við þær upplýsingar sem hann hefði getað fundið í greinum og annars staðar hefði þetta verið innan þess bils sem fólk hefði sjálfst lýst sem hefði tekið efnið inn. Vitnið sagði að þau hefðu þurft að vinna smá þróunarvinnu til að styrkleikamæla efnið, einfaldlega vegna þess að þau hefðu ekki fengið þetta efni áður. Að sama skapi hefði orðið smá töl á að greina innihaldsefnið en þau noti staðalefni til viðmiðunar og það hefði ekki verið til. Staðfesti vitnið að niðurstöðurnar væru ótvíræðar og sagði að við greiningu hefðu þau notað sömu aðferð og beitt væri vegna annarra fíkniefna.

31. Vitnið staðfesti þær matsgerðir sem hann vann á rannsóknastofunni og sem dómkvaddur matsmaður. Vegna greiningar á efninu hefði fyrst verið gefin út bráðabirgðamatsgerð en síðan endanleg matsgerð, dags. 16. ágúst 2022. Hefðu þau verið búin að fá viðmiðunarefni og gátu gert samanburð og greint efnið með óyggjandi hætti. Vitnið kvaðst ekki hafa verið búinn að mynda sér neina skoðun á því hvort innihaldsefnið væri annað en diazepam áður en rannsóknin fór fram. Efnið hefði einungis farið í gegnum hefðbundna gasgreiningu og massagreiningu og hann ekki leitað upplýsinga um þessar töflur áður en greiningin lá fyrir. Staðfesti vitnið að flúbrómazólum væri ekki á lyfjamarkaði og væri lítt rannsakað.

32. Vitnið sagði að sú heimild sem hann vísi til í matsgerð sinni sem dómkvaddur matsmaður væri unnin upp úr gögnum á netinu sem komi frá notendum. Á grundvelli þess hefði verið metið hversu háðir notendur yrðu efninu og hver upplifun þeirra af neyslu væri. Benzódíazepín væri flokkur lyfja og flúbrómazólum væri skylt efnum innan þess flokks. Þetta væru allt efni sem hefðu kvíðastillandi og róandi verkun.

33. *Bjarni Össurarson Rafnar*, geðlæknir og dómkvaddur matsmaður, sagði að flúbrómazólum væri efni í sama flokki og benzódíazepín-lyf sem væru mikið notuð sem kvíðastilling og sem svefnlyf og einnig stundum við flogaveiki. Þau stilli kvíða, rói fólk og valdi vöðvaslökun en geti einnig valdið minnisleysi séu þau notuð til að sofa. Mikilvægt væri að þó að grunnvirkni flúbrómazólams sé eins væri þetta ekki benzódíazepín-lyf sem hefði verið rannsakað eða skráð sem lyf og væri ekki hægt að telja þetta sem eitt af benzódíazepín-lyfjunum. Þetta væri framleitt og selt ólöglega og ekki væri eins mikið vitað um þetta efni eins og önnur efni af þessum flokki. Þó væri vitað að flúbrómazólum hefði mjög öflug og langa verkun.

34. Hvað varðar þær fimm matsspurningar sem lagðar hefðu verið fyrir hann bæri fyrst að nefna að það væri vel þekkt að þetta efni sé misnotað í vímuefnaheiminum. Það er hægt að nota allar íkomuleiðir til að neyta efnisins en algengast væri að fólk tæki þetta um munn og þá oftast á töfluformi. Þegar fólk tekur flúbrómazólum sé verkunin svipuð og hvað varðar benzódíazepín, það valdi róun og kvíðastillingu. Síðan væri efnið mjög öflugt í því að valda svefni og minnisleysi samkvæmt þeim rannsóknum sem liggja fyrir og hefði sérstaklega langvarandi áhrif á svefn og minni. Hvað varðar hættueiginleika efnisins væri það vel þekkt hvað varðar benzódíazepín sem flokk að það er hætta á að fólk misnoti þau lyf og það sama virðist eiga við hvað varðar flúbrómazólum. Þá virðist fólk einnig afhamlast, dómgreindin brenglast og það gerir hluti sem það myndi ekki gera venjulega, svipað og ef það væri undir áfengisáhrifum. Aðaláhrifin væru djúpur svefn og mikið minnisleysi í kringum inntökuna.

35. Þá sagði vitnið að ritað hefði verið um það að efnið væri hættulegt í ofskammti. Venjuleg benzódíazepín-lyf væru ekki hættuleg ein og sér en ef þau væru tekin með öðrum efnum, eins og öðrum ópíötum, geti þau verið hættuleg og valdið dauða. Þetta efni virðist vera hættulegra og væru til upplýsingar um að það geti eitt og sér valdið dauða í ofskammti. Vitnið sagði að til væru opnir hópar á netinu þar sem sjá mætti upplýsingar byggðar á notendakönnunum og væri stór hópur neytenda efnisins að tjá sig. Þar væri mikið varað við þessu efni og samtök fíkniefnaneytenda í Svíþjóð ráðleggi fólki að nota ekki þetta efni. Þannig væru mjög sterkar vísbendingar um að efnið geti verið mjög hættulegt í ofskammti. Hvað varðar skammtastærð hefði hann séð gögn þar sem fram komi að notendur hefðu talið skammt vera um 0,35 mg. Til væri rannsókn þar sem tekin voru inn 0,5 mg og hefði sá skammtur haft fulla virkni. Einnig væru til gögn sem sýndu að 3 mg hefðu sannanlega valdið ofskammti og leitt til gjörgæslumeðferðar.

36. Matsmaðurinn kvaðst engar upplýsingar hafa haft um styrkleika þeirra taflna sem voru haldlagðar. Var honum kynnt að fyrir lægi styrkleikamæling á töflunum og þar hefði komið fram að styrkur flúbrómazólams hefði verið á bilinu 0,15 til 0,27 mg í töflu. Staðfesti matsmaður að það væri rétt fyrir neðan þann styrkleika sem notendur hefðu nefnt. Sagði hann að þessar töflur væru hættulegri en diazepam. Lítið væri vitað um þetta efni en búið væri að rannsaka diazepam mikið og væri það gamalt lyf. Þá liggi fyrir að diazepam sé tiltölulega öruggt eitt og sér, t.d. í ofskammti, á meðan þetta efni virðist vera miklu hættulegra. Myndi hann alls ekki setja samasemmerki þarna á milli. Væri hann ekki í nokkrum vafa um að það gæti skapast hættu ef aðili sem heldur að hann sé að taka inn diazepam tæki inn þetta efni.

37. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja væri aukin hættu á ofskömmtun við notkun efnisins. Þá staðfesti hann að menn myndi þol gegn flúbrómazólum. Það hefði ekki verið rannsakað mjög mikið en fólk tali í þessum notendarannsóknum um að það myndist þol, alveg eins og hvað varðar benzódíazepín-lyf. Kvaðst hann aldrei hafa heyrt um þetta lyf á Íslandi áður. Matsmaðurinn sagði að upplýsingar um tilvik þar sem viðkomandi neytti 3 mg af efninu og hefði lent á gjörgæslu kæmu fram í grein frá WHO. Hins vegar væri erfitt að meta þetta þar sem oft er þetta *blanda*. Ekki höfðu allir sem þurftu meðhöndlun vegna ofskammts eða létust notað önnur efni en margir af þeim höfðu gert það.

## VI.

### Niðurstaða:

38. Ákærði er ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot vegna innflutnings til landsins á samtals 13.986 töflum sem innihéldu flúbrómazólum. Í ákæru er brot hans talið varða við við 173. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Framburður ákærða hefur í gegnum meðferð málsins verið stöðugur á þann veg að hann hefur viðurkennt að hafa flutt töflurnar til landsins, eins og lýst er í ákæru, en talið að þær innihéldu lyf, diazepam, eins og merking á umbúðum taflanna hefði gefið honum til kynna.

39. Óumdeilt er að töflurnar innihalda flúbrómazólum en það er staðfest með matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði sem Valþór Ásgrímsson staðfesti fyrir dómi. Einnig kemur þar fram að efnið er skylt flokki lyfja sem kallast benzódíazepín sem hafi m.a. róandi og kvíðastillandi verkun. Væri efnið ekki á lyfjamarkaði og hefði lítt verið rannsakað.

40. Efnið er skilgreint sem ávana- og fíkniefni og er óheimilt á íslensku forráðasvæði, sbr. lög nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum, og er x-merkt í fylgiskjali I með reglugerð um (12.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni. Þá liggur fyrir framburður sérfræðings tæknideildar lögreglu sem lýsti því fyrir dómi á hvern hátt hefði vaknað grunur hjá lögreglunni um að töflurnar innihéldu þetta efni. Hefði stöfum í áletrun á töflunum verið víxlað og það komið þeim á sporið. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn og vætti vitna er ljóst að efnið er þekkt erlendis en ekki hafa verið nefnd dæmi þess að það hafi áður fundist hér á landi. Þá verður ráðið af framburði dómkvaddra matsmanna að efnið er mun hættulegra en diazepam og önnur benzódíazepín-lyf.

41. Ákærði er ákærður fyrir að hafa flutt framangreind efni til landsins og er lagt til grundvallar að hann hafi hvorki komið að fjármögnun né skipulagningu brotsins. Er ekkert fram komið sem bendir til þess að aðild ákærða að brotinu hafi verið viðtækari en greinir í ákæru. Um atvik í aðdraganda ferðarinnar er aðallega við framburð ákærða að styðjast. Ákærði kvaðst ekki hafa pakkað efnunum sjálfur en vísaði til þess að hann hefði um þetta verið í samskiptum við tengilið sinn. Þá kvaðst ákærði þekkja til diazepam vegna eigin nota á sambærilegum lyfjum. Töflurnar voru pakkaðar í umbúðir merktar nafni lyfjaframleiðslufyrirtækis. Er ekkert fram komið sem gaf ákærða ástæðu til að ætla að efnið væri annað en diazepam við skoðun á töflunum í umbúðunum.

42. Ákærði bar sjálfur um það í skýrslu sinni hjá lögreglu að hafa ekki vitað hvað hann hefði átt að fara með til Íslands hefði hann farið 14. apríl 2022 eins og fyrst stóð til. Hann kvaðst hafa verið skuldugur, m.a. vegna fíkniefnaneyslu, og hafa farið í ferðina til að afla fjármuna. Fyrir ferðina 17. apríl afhenti hann fatnað sinn og fékk til baka tösku og var sýnt spjald merkt diazepam og sagt að þannig lyf væru í töskunni. Hefði hann ekki kannað hvort það hefði verið rétt. Þrátt fyrir að ákærði hefði ekki ráðið það af umbúðum og útliti taflanna hvaða efni væri í raun um að ræða gat allt eins eitthvað annað verið í töskunni og skeytti hann engu um það. Hafi hann mátt gera ráð fyrir að hvaða efni sem er væri í töskunni. Þá bar ákærði um að hafa farið í ferðina þrátt fyrir að hann gæti átt von á því að verða sektaður vegna taflna sem kynnu að vera umfram það sem leyfilegt væri að flytja til landsins. Einnig kom fram hjá lögreglumanni nr. 9932 að þekkt væri erlendis að innihald pakkaðra lyfja væri annað en umbúðir segðu til um. Í ljósi aðstæðna ákærða og hvernig staðið var að innflutningnum mátti



ákærði ætla að hann væri að flytja til landsins ólöglegt efni og er framburður hans um annað ótrúverðugur. Samkvæmt framangreindu lét ákærði sér í léttu rúmi liggja hvaða efni hann væri að flytja til landsins eða hvert magn þess væri. Verður þannig ekki fallist á varnir ákærða byggðar á ætlaðri staðreyndavillu hans. Hefur þannig verið sýnt fram á ásetning ákærða til verknaðarins og ber hann refsíðabyrgð á honum. Með vísan til alls framangreinds telur dómurinn sannað, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í ákæru og er brot hans þar rétt heimfært til refsíðkvæða.

## VII.

43. Ákærði er fæddur í apríl 1979. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 27. júlí 2023, hefur ákærði ekki verið dæmdur til refsingar hér á landi.

44. Við ákvörðun refsingar ákærða lítur dómurinn, til refsimildunar, til 5. og 8. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hann var samvinnufús við rannsókn málsins hjá lögreglu og hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Til þyngingar lítur dómurinn til umfangs brots ákærða hvað varðar magn efnis og þess að um skipulagt brot var að ræða. Er þá sérstaklega lítið til þess að efnið var flutt inn í formi taflna er litu út fyrir að vera löglegt lyf, sbr. 1., 3. og 6. tölulið framangreinds lagaákvæðis, og hefði það getað valdið mikilli hættu að dreifa þeim á þann hátt og í ágóðaskyni. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn má ráða að takmarkaðar upplýsingar eru til um hættueiginleika efnisins en þó verði af þeim ráðið að ein tafla gæti verið nothæfur neysluskammtur að teknu tilliti til þess sem fram er komið um að neytendur geti myndað þol við efnið og að efnið er ávanabindandi. Skýrt kemur fram í matsgerð Bjarna Össurarsonar Rafnars og vætti hans fyrir dómi að hættueiginleikar efnisins eru meiri en benzódíazepínlyfja. Með hliðsjón af framangreindu, og sérstaklega í ljósi þess að um mikið magn hættulegra fíkniefna er að ræða, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Ákærði var handtekinn grunaður um brotið 17. apríl 2022 og er síðan þá liðið rúmlega eitt og hálft ár. Í ljósi þess dráttar sem orðið hefur á meðferð málsins, en ákærða verður ekki um hann kennt, verður refsing ákærða ákveðin skilorðsbundin að hluta eins og í dómsorði greinir. Til frádráttar dæmdri refsingu ákærða komi, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 17. apríl til 8. júlí 2022, með fullri dagatölu.

45. Upptæk eru gerð til ríkissjóðs 13.986 stykki af flúbrómazólám-töflum, með vísan til þeirra lagaákvæða sem tilgreind eru í ákæru, en efnið var haldlagt við rannsókn málsins.

46. Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar lögmanns, sem alls eru ákveðin 2.750.000 krónur. Þá greiði ákærði helming af útlögðum kostnaði verjandans sem alls er ákveðinn 422.860 krónur og aksturskostnað hans sem alls er ákveðinn 99.869 krónur. Helmingur málsvarnarlauna og framangreinds kostnaðar greiðist úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi, Leós Daðasonar lögmanns, 1.000.000 króna. Er þóknun verjanda ákærða ákveðin að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Loks greiði ákærði 1.189.811 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins. Í dómi Landsréttar í máli nr. 632/2022 var kveðið á um að allur áfrýjunarkostnaður málsins yrði greiddur úr ríkissjóði og kemur sá kostnaður sem þar fellur undir ekki til skoðunar, þ.e. málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir Landsrétti og kostnaður vegna ágripsgerðar.

47. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Þorbjörg Sveinsdóttir aðstoðarsaksóknari.

48. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## Dómsorð:

Ákærði, Robert Green, sæti fangelsi í 18 mánuði en frestað skal fullnustu 15 mánaða af dæmdri refsingu og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til frádráttar kemur óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 17. apríl til 8. júlí 2022, með fullri dagatölu.

Ákærði sæti upptöku á 13.986 stykkjum af flúbrómazólám-töflum.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar lögmanns, sem alls eru ákveðin 2.750.000 krónur, helming útlagðs kostnaðar verjandans sem alls er ákveðinn 422.860 krónur og helming aksturskostnaðar hans sem alls er ákveðinn 99.869 krónur. Þá greiði ákærði þóknun skipaðs verjanda síns, Leós Daðasonar lögmanns, 1.000.000 krónur og 1.189.811 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir.

( 2024001696

Útgáfud.: 30. janúar 2024

### Dómsbirting

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. janúar 2024 í máli nr. S-4860/2023.

#### Dómsorð:

Ákærði, Pedro Vazquez Vinas, greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 8 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 4 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði 26.000 krónur í sakarkostnað.

#### Birgitta Kristjánsdóttir.

Dómfelldi var ekki viðstaddur dómsuppsögu og var lögreglu falið að birta dóminn fyrir honum. Ekki náðist í dómfellda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að birta honum dóminn.

Skrifstofu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu,  
24. janúar 2024.

Íris Þóra Júlíusdóttir aðstoðarsaksóknari.

( 2024001847

Útgáfud.: 26. janúar 2024

### Lögmansréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur afhent Unni Eddu Sveinsdóttur réttindi sín til málflutnings og eru þau nú virk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,  
22. janúar 2024.

( 2024001699

Útgáfud.: 26. janúar 2024

### Lögmansréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Þórði Heimi Sveinssyni málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,  
22. janúar 2024.

( 2024001700

Útgáfud.: 26. janúar 2024

### Lögmansréttindi

Með tilkynningur hefur Unnur Birna Vilhjálmisdóttir lagt inn málflutningsréttindi sín og eru þau nú óvirk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,  
22. janúar 2024.

( 2024001706

Útgáfud.: 29. janúar 2024

### Lögmannsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Arnari Bjartmarz réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómsstólunum.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,  
25. janúar 2024.

( 2024001831

Útgáfud.: 30. janúar 2024

### Lögmannsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Ernir Skorra Péturssyni réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómsstólunum.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,  
22. janúar 2024.

( 2024001850

Útgáfud.: 26. janúar 2024

### Fasteigna- og skipasala - innlagt leyfi

Þann 22. janúar 2024 lagði Ólafur Árni Halldórsson, kt. 150558-3609, inn til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu réttindi sín sem fasteigna- og skipasali og fellur því niður frá þeim tíma löggilding hans til fasteigna- og skipasölu.

Kópavogi, 23. janúar 2024.  
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

( 2024001704

Útgáfud.: 25. janúar 2024

### Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Hafanna slf.

Kt.: 630124-2040.

Dagsetning samþykkt: 1. janúar 2024

Heimilisfang: Lambhaga 4, Selfossi.

Eigendur: Anna Kristín Kjartansdóttir, kt. 021156-4189, Lambhaga 4, Selfossi, ábyrgðaraðili. Hafsteinn Rúnar Hjaltason, kt. 180257-7649, Lambhaga 4, Selfossi, ábyrgðaraðili. Íris Erla Sigurðardóttir, kt. 180675-3299, Álfarima 3, Selfossi, samlagsaðili.

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er verktakavinna við ráðgjöf, bókhald og akstur. Kaup og sala fasteigna. Eignarhald og útleiga fasteigna, fasteigna- og fjármálastarfsemi og önnur skyld starfsemi..

*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.

*Firmaritun:* Ábyrgðaraðilar saman.

*Prókúruumboð:* Hafsteinn Rúnar Hjaltason Anna Kristín Kjartansdóttir.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

( 2024001657

Útgáfud.: 29. janúar 2024

### **Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá**

*Nafn:* **Drangur verktakar slf.**

*Kt.:* 660124-0630.

*Dagsetning samþykkt:* 10. janúar 2024

*Heimilisfang:* Skagabraut 16, Suðurnesjabæ.

*Eigendur:* Sverrir Karlsson, kt. 100565-5369, Skagabraut 16, Suðurnesjabæ, ábyrgðaraðili. Hafdis Mjöll Sverrisdóttir, kt. 170391-2849, Heiðarbraut 8, Suðurnesjabæ, samlagsaðili.

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er almenn verktakastarfsemi, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og annar skyldur rekstur.

*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.

*Firmaritun:* Ábyrgðaraðili.

*Prókúruumboð:* Sverrir Karlsson.

Reykjavæik, 26. janúar 2024.

( 2024001813

Útgáfud.: 29. janúar 2024

### **Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá**

*Nafn:* **Einstefna slf.**

*Kt.:* 650124-0300.

*Dagsetning samþykkt:* 12. janúar 2024

*Heimilisfang:* Kringlumýri 11, Akureyri.

*Eigendur:* Einvarður Jóhannsson, kt. 030568-5839, Kringlumýri 11, Akureyri, ábyrgðaraðili. Aþena Sif Einvarðsdóttir, kt. 240505-3470, Kringlumýri 11, Akureyri, samlagsaðili.

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er ökukennsla, kaup og sala fasteigna, rekstur fasteigna og bifreiða og annar skyldur rekstur.

*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.

*Firmaritun:* Ábyrgðaraðili.

*Prókúruumboð:* Einvarður Jóhannsson.

Enor ehf., kt. 530612-2010, Hafnarstræti 53, Akureyri.

Reykjavík, 26. janúar 2024.

( 2024001816

Útgáfud.: 29. janúar 2024

### **Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá**

*Nafn:* **Physio BO slf.**

*Kt.:* 650124-0650.

*Dagsetning samþykkt:*

*Heimilisfang:* Naustabryggju 25, Reykjavík.



*Eigendur:* Berglind Óskarsdóttir, kt. 010887-2409, Reyrengi 35, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Ármann Guðjón Valsson, kt. 141183-3389, Naustabryggju 25, Reykjavík, samlagsaðili.

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er sjúkraþjálfun og önnur tengd heilbrigðisstarfsemi. Einnig kaup og sala hlutabréfa, fasteigna og lánastarfsemi og þátttaka í annarri starfsemi sem stjórn ákveður.

*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.

*Firmaritun:* Ábyrgðaraðili.

*Prókúruumboð:* Berglind Óskarsdóttir.

Berglind Óskarsdóttir, kt. 010887-2409, Reyrengi 35, Reykjavík, stjórnarmaður. Ármann Guðjón Valsson, kt. 141183-3389, Naustabryggju 25, Reykjavík, varamaður. Matthías Björnsson, kt. 310567-8339, Huldubraut 62, Kópavogi, skoðunarmaður.

Reykjavík, 26. janúar 2024.

( 2024001826

Útgáfud.: 29. janúar 2024

### Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

*Nafn:* **Bethke slf.**

*Kt.:* 650124-0140.

*Dagsetning samþykkt:* 5. janúar 2024

*Heimilisfang:* Goðheimum 12, Reykjavík.

*Eigendur:* Petra Björk Arnardóttir, kt. 280866-3269, Goðheimum 12, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Oliver Darrason, kt. 211099-3809, Goðheimum 12, Reykjavík, samlagsaðili.

*Tilgangur:* Tannfræðingur: Rekstur stofu sem sér um hvers konar tannhirðu, eftirlit með tönnum og ofl. Innflutningur og sala á efni tengd framangreindri starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi tengd framangreindri starfsemi.

*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.

*Firmaritun:* Stjórnarmaður.

*Prókúruumboð:* Petra Björk Arnardóttir.

Petra Björk Arnardóttir, kt. 280866-3269, Goðheimum 12, Reykjavík, stjórnarmaður. Framkvæmdastjóri: Petra Björk Arnardóttir. Jón Hjörtur Skúlason, kt. 080552-2469, Brekkuhvarfi 6, Kópavogi, skoðunarmaður.

Reykjavík, 26. janúar 2024.

( 2024001827

Útgáfud.: 29. janúar 2024

### Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

*Nafn:* **Hagldir slf.**

*Kt.:* 650124-2190.

*Dagsetning samþykkt:* 28. desember 2023

*Heimilisfang:* Lág múla 7, Reykjavík.

*Eigendur:* Hagldir eignarhaldsfélag ehf., kt. 630101-2710, Lág múla 7, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Gizur Bergsteinsson, kt. 151173-4389, Hlyngerði 1, Reykjavík, samlagsaðili. Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir, kt. 290173-5669, Hlyngerði 1, Reykjavík, samlagsaðili.

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rekstur lögmannsstofu, ráðgjöf, lánastarfsemi, kaup og sala eigna, fjárfestingar og annar skyldur rekstur.

*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.

*Firmaritun:* Allir félagsmenn saman.

*Prókúruumboð:* Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir Gizur Bergsteinsson,.

Gizur Bergsteinsson, kt. 151173-4389, Hlyngerði 1, Reykjavík, stjórnarmaður. Framkvæmdastjórn: Gizur Bergsteinsson kt. 1511734389.

Reykjavík, 25. janúar 2024.

( 2024001828

Útgáfud.: 29. janúar 2024

**Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá****Nafn:** Vogin Bókhald slf.**Kt.:** 650124-1890.**Dagsetning samþykkt:** 11. janúar 2024**Heimilisfang:** Álalind 1, Kópavogi.**Eigendur:** Páll Halldór Schou Georgsson, kt. 221092-2019, Álalind 1, Kópavogi, ábyrgðaraðili. Fanney Kristjánsdóttir, kt. 261191-3429, Álalind 1, Kópavogi, samlagsaðili.**Tilgangur:** Tilgangur félagsins er að færa bókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.**Skattaðild:** Félagið er sjálfstæður skattaðili.**Firmaritun:** Ábyrgðaraðili.

Reykjavík, 25. janúar 2024.

( 2024001830

Útgáfud.: 30. janúar 2024

**Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá****Nafn:** HB ráðgjöf slf.**Kt.:** 630124-1740.**Dagsetning samþykkt:** 5. janúar 2024**Heimilisfang:** Stuðlabergi 12, Hafnarfjörður.**Eigendur:** Haraldur Baldursson, kt. 240858-5929, Stuðlabergi 12, Hafnarfjörður, ábyrgðaraðili. Halla Björg Haraldsdóttir, kt. 100681-5289, Þrastarási 71, Hafnarfjörður, samlagsaðili.**Tilgangur:** Tilgangur félagsins er ráðgjöf á sviði flugrekstrar og tilheyrandi rekstur, almennur flugrekstur, kennsla og þjálfun, smá-, og heildsala, rekstur fasteigna og lausafjármuna auk lánastarfsemi.**Skattaðild:** Félagið er sjálfstæður skattaðili.**Firmaritun:** Ábyrgðaraðili.**Prókúruumboð:** Haraldur Baldursson.

Haraldur Baldursson, kt. 240858-5929, Stuðlabergi 12, Hafnarfjörður, stjórnarmaður. Halla Björg Haraldsdóttir, kt. 100681-5289, Þrastarási 71, Hafnarfjörður, varamaður.

Reykjavík, 24. janúar 2024.

( 2024001833

Útgáfud.: 30. janúar 2024

**Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá****Nafn:** Heilsunudd Emelíu slf.**Kt.:** 650124-1620.**Dagsetning samþykkt:** 2. janúar 2024**Heimilisfang:** Boðaslóð 19, Vestmannaeyjum.**Eigendur:** Emelía Dögg Sigmarsdóttir, kt. 170190-3009, Boðaslóð 19, Vestmannaeyjum, ábyrgðaraðili. Brynjar Karl Óskarsson, kt. 040191-3139, Boðaslóð 19, Vestmannaeyjar, samlagsaðili.**Tilgangur:** Tilgangur félagsins er heilsunudd, sjúkranudd og tengdar meðferðir.**Skattaðild:** Félagið er sjálfstæður skattaðili.**Firmaritun:** Stjórnarmaður.**Prókúruumboð:** Emelía Dögg Sigmarsdóttir.

Emelía Dögg Sigmarsdóttir, kt. 170190-3009, Boðaslóð 19, Vestmannaeyjar, stjórnarmaður. Brynjar Karl Óskarsson, kt. 040191-3139, Boðaslóð 19, Vestmannaeyjum, varamaður. Rýni endurskoðun ehf., kt. 610909-1080, Síðumúla 23, Reykjavík.  
Reykjavík, 26. janúar 2024.

( 2024001834

Útgáfud.: 30. janúar 2024

**Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá***Nafn:* Lifsandinn slf.*Kt.:* 640124-2450.*Dagsetning samþykktar:* 20. desember 2023*Heimilisfang:* Skógarvegi 6, Reykjavík.*Eigendur:* Sigurður Þór Sigurðarson, kt. 210168-3549, Skógarvegi 6, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir, kt. 310578-5769, Skógarvegi 6, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Fanný Sigríður Axelsdóttir, kt. 071278-4929, Heiðarbakka 9, Reykjanesbær, samlagsaðili.*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rekstur læknastofu, sálfræðistofu og skyldur rekstur. Einnig fjárfestingar, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár, kaup, sala og eignarhald á verð- og hlutabréfum, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.*Firmaritun:* Ábyrgðaraðili.*Prókúruumboð:* Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir og Sigurður Þór Sigurðarson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir, kt. 260371-5419, Hnjúkaseli 4, Reykjavík, skoðunarmaður.

Reykjavík, 24. janúar 2024.

( 2024001843

Útgáfud.: 30. janúar 2024

**Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá***Nafn:* A/S Bókhald sf.*Kt.:* 650124-1110.*Dagsetning samþykktar:* 8. janúar 2024*Heimilisfang:* Háaleitisbraut 109, Reykjavík.*Eigendur:* Stefán Karl Harðarson, kt. 250766-3279, Háaleitisbraut 109, Reykjavík. Andri Berg Davíðsson, kt. 020497-2039, Kóngsbakka 15, Reykjavík.*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er reikningshald, færsla bókhalds, skattaskil, bókhaldsráðgjöf.*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.*Firmaritun:* Allir félagsmenn saman.*Prókúruumboð:* Stefán Karl Harðarson Reykjavík Andri Berg Davíðsson.

Reykjavík, 26. janúar 2024.

( 2024001848

Útgáfud.: 30. janúar 2024

**Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá***Nafn:* Fræ Sköpunareldhús sf.*Kt.:* 650124-0570.*Dagsetning samþykktar:* 10. janúar 2024*Heimilisfang:* Bankastræti 1, Stöðvarfirði.

*Eigendur:* Silja Lind Þrastardóttir, kt. 030382-4989, Borgargerði 12, Stöðvarfirði. Þóra Björk Nikulásdóttir, kt. 201059-6239, Fjarðarbraut 29, Stöðvarfirði. Valborg Ösp Á. Warén, kt. 170682-4089, Einbúabla 28b, Egilsstöðum.

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er að stofna samfélagseldhús á Stöðvafirði þar sem íbúar og aðrir á Austurlandi geta þróað og framleitt austfirski matarframleiðslu. Megintilgangur er að skapa atvinnu á Stöðvafirði og auka samstarf, gæði og vitund um grósku í austfyrskri matargerð.

*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.

*Firmaritin:* Allir félagsmenn saman.

*Prókúruumboð:* Þóra Björk Nikulásdóttir Silja Lind Þrastardóttir.

Reykjavík, 26. janúar 2024.

( 2024001849

Útgáfud.: 30. janúar 2024

## Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

*Nafn:* Lyflækningar slf.

*Kt.:* 650124-0490.

*Dagsetning samþykkt:* 8. nóvember 2023

*Heimilisfang:* Hagamel 43, Reykjavík.

*Eigendur:* Aðalbjörg Ýr Sigurbergisdóttir, kt. 200496-2999, Hagamel 43, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Teitur Ari Theodórsson, kt. 230797-3239, Hagamel 43, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Theodór Kjartansson, kt. 270360-3949, Grundarvegi 3, Reykjanessbæ, samlagsaðili.

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er að stuðla að bættri heilsu landsmanna.

*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.

*Firmaritin:* Ábyrgðaraðili.

*Prókúruumboð:* Teitur Ari Theodórsson.

Teitur Ari Theodórsson, kt. 230797-3239, Hagamel 43, Reykjavík, stjórnarformaður. Aðalbjörg Ýr Sigurbergisdóttir, kt. 200496-2999, Hagamel 43, Reykjavík, meðstjórnandi.

Reykjavík, 26. janúar 2024.

( 2024001852

Útgáfud.: 26. janúar 2024

## Fyrirkall og ákæra

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-180/2024.

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

*Ákærði:* Darius Taraskevicius, fd. 25.06.1987, Litháen, verður tekið fyrir á dómþingi miðvikudaginn 28. febrúar 2024 kl. 10.30.

*Staður:* Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 23. janúar 2024.

**Hrefna Björk Rafnsdóttir** aðstoðarmaður dómara.

### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnug: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Darius Taraskevicius, fd. 25.06.1987, Litháen, fyrir þjófnað með því að hafa á tímabilinu 8. febrúar 2023 til og með 11. febrúar 2023 í verslun Frihafnarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, tekið þar ófrjálsri hendi samtals 95

karton af sígarettum samtals að verðmæti kr. 770.405, og gengið með vörurnar út án þess að greiða fyrir hana. Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Einkaréttarkrafa:

Af hálfu brotaþola, Fríhöfnin ehf., kt. 611204-2130, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða brotaþola kr. 770.405 auk vaxta, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 11. febrúar 2023 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en dráttavaxta, samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærði greiði brotaþola málskostnað að mati dómsins.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum,  
23. janúar 2024.

Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

( 2024001698

Útgáfud.: 26. janúar 2024

## Fyrirkall og ákæra

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-135/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Merit Ogierakhi, fd. 05.12.2001, Nígeríu, verður tekið fyrir á dómþingi miðvikudaginn 28. febrúar 2024 kl. 10.50.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómur Reykjaness, 25. janúar 2024.

Hrefna Björk Rafnsdóttir aðstoðarmaður dómara.

### Ákæra:

